

greina aðal-rjettarkrafa áfrýjanda, eins og hún er rituð hjer að framan, nje heldur sú vara-krafa hans, er hann hefur gjört fyrir undirrjettinum, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum eins árs húsaleigu eptir 14. maím. síðastl. Þar sem á hinn bóginn undirdómarinn hefur, samkvæmt auka-varakröfu áfrýjanda, dæmt hinn stefnda til að greiða honum húsaleigu fyrir ársfjórðunginn frá 14. maím. til 14. ágústmán. þ. á. 125 kr. með 5% vöxtum frá 20. maím. til 9. júním. þ. á., án tillits til þess, að því er vextina snertir, að hinn stefndi hafði þegar hinn 14. maím. framboðið þessa greiðslu, eins og frá er skýrt hjer næst á undan, þá verður eigi breyting gjörð á þessu ákvæði dómsins stefnda í vil, með því að hann hefur eigi áfrýjað honum af sinni hálfu. Samkvæmt ofan-skrifuðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn í heild hans, einnig fyrirmælin um málskostnað.

Eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Sigfús Eymundsson, hinum stefnda, F. A. Löve, 15—fimmtán—krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desembermán.

Nr. 53/1887.

Hið opinbera

gegn

Sigurði Andrjessyni, Ólafi

Þormóðssyni o. fl.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, upp kveðnum 25. maímán. þ. á., voru hinir kærðu í máli þessu: 1. Sigurður Andrjesson, 2. Sveinn Þorsteinsson, 3. Andrjes Arnason, 4. Þórður Guðmundsson, og 5. Guðmundur Einarsson, dæmdir í 100 kr. sekt hver; 6. Nikulás Eiríksson, og 7. Narfi Vigfússon í 90 kr. sekt hvor; 8. Ólafur Þormóðsson í 70 kr. sekt; 9. Gísli Pjetursson í 60 kr. sekt; 10. Ólafur Bjarnason, 11. Pjetur Pjetursson, 12. Guðmundur Þormóðsson, og 13. Eggert Sigurðsson, í 50 kr. sekt hver; allir þessir fyrir brot gegn 1. gr. samþykktar 9. júní 1885 um ýmisleg at-riði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanesshrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar-, Garða- og Bessastaðahreppa; enn fremur var hinn 14. kærði, Ólafur Ólafsson, dæmdur í 10 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr. sömu samþykktar. Sektirnar skyldu renna hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps, en hálfar til tilsjónar-manna, og kostnað málsins skyldu hinir kærðu greiða allir sem einn og einn sem allir.

Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hinna kærðu nr. 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 12 og 14, og einungis að því er þá snertir.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játningu hinna kærðu, þeirra er áfrýjunin snertir, að þeir hafa í fyrra á vetrar-vertíðinni, um mánaðamótin marz og

apríl og í byrjun aprílmánaðar, brotið gegn áður-nefndri fiskiveiða-samþykkt með því að leggja þorskanet í sjó utar eða dýpra en 1. gr. hennar heimilar, eða að því er nr. 14. snertir, með því að láta þorskanet sín liggja í sjó tíma þann, er öll þorskanet samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar áttu að vera í landi. Frömdu sumir hinna ákærðu brotin fleirum sinnum, nr. 5 þannig sjö sinnum, nr. 7 fimm sinnum, nr. 4 og 6 fjórum sinnum, nr. 2 og 3 þrisvar sinnum, en hinir, sem áfrýjunin nær til, brutu að eins einu sinni. Hinir kærðu nr. 2, 3, 4, 5, 7 og 8 höfðu ennfremur skömmu áður en þeir frömdu brot sín sætt ákæru fyrir lögreglurjetti fyrir samskonar brot. framín á sömu vertíðinni, og voru þeir síðan dæmdir í sektir fyrir þau, nr. 2, 3, 4 og 7 í 60 kr. sekt hver og nr. 5 og 8 í 50 kr. sekt hvor. Sekt sú, er hinir kærðu hafa til unnið undir þessu máli, virðist hæfilega metin þannig, að nr. 4, 5 og 7 greiði í sekt 90 kr. hver þeirra, nr. 2 og 3 80 kr. hvor, nr. 6 og 8 70 kr. hvor, nr. 12 50 kr. og nr. 14 10 kr. Sektirnar renni hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps og hálfar til hlutað-eigandi tilsjónarmanna. Málskostnað bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors, ber hinum kærðu að greiða einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lög-mæt og rekstur þess í hjerði vítalaus; þó athugast, að töluverður dráttur hefur orðið á áfrýjun málsins fyrir yfirdóminn, sem orsakast hefur sumpart af því, að undir-rjettardóminn, sem gekk eins og áður er sagt 25. maí f. á., var fyrst farið að birta fyrir hinum ákærðu í októbermán. f. á., eða eptir rúma 4 mánuði, sumpart

af því að 2 áfrýjunar-stefnur voru út gefnar í málinu og birtar öllum hinum kærðu, hvor á eptir annari.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu, Þórður Guðmundsson, Guðmundur Einarsson og Narfi Vigfússon, greiði í sekt 90 kr. hver þeirra; Sveinn Þorsteinsson og Andrjes Árnason 80 kr. hvor; Nikulás Eiríksson og Ólafur Þormóðsson 70 kr. hvor; Guðmundur Þormóðsson 50 kr. og Ólafur Ólafsson 10 krónur. Sektirnar renni hálfar í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps og hálfar til hlutaðeigandi tilsjónarmanna. Málskostnað allan bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber nefndum kærðu einnig að greiða, einum fyrir alla og öllum fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 45/1887.

C. J. Rydèn
 gegn
 F. A. Löve.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, kaupmaður F. A. Löve, fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur-kaupstaðar gegn áfrýjandanum, C. J. Rydèn, út af skuld er hinn fyr-